

# Áfangalýsing

<b>Titill</b>	<b>Iðnteining háriðna 1</b>
<b>Námsgrein</b>	Iðnteikning
<b>Viðfangsefni</b>	
<b>Skammstöfun</b>	ITEI1HG05
<b>Staða</b>	
<b>Þrep</b>	1
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla</b>	ITEI1HG05
<b>Lýsing</b>	Nemandinn kynnist grunnþáttum í teikni-, lita- og formfræðum. Teiknuð verkefni með mismunandi blýjum og aðferðum. - teiknuð andlit og hárgreiðslur sem byggja á reglu gullinsniðs. Litafræði Ittens kynnt. - gerður samanburður við litastjörnu í hári og verkefni unnin sem tengjast bæði litafræði og hársnyrtinámi. Formfræði skoðuð og sett í samhengi við klippingar og greiðslur. Nemandi þjálfður í efnis-, upplýsinga- og heimildaöflun, auk varðveislu gagna. Lagður grunnur að námsbók sem sýnir verkefnavinnu og námsframfarir nemanda.
<b>Forkröfur</b>	engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>• mismunandi blýjum og teikniaðferðum.</li><li>• fjarvídd og skyggingum.</li><li>• gullinsniði.</li><li>• litafræði Itten.</li><li>• grunnformum.</li><li>• mismunandi leiðum og nálgun á heimildaleit og varðveislu gagna.</li></ul>
<b>Leikniviðmið</b>	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"><li>• þekkja eiginleika mismunandi blýja.</li><li>• skyggja og ná fram fjarvídd í teikningu samkvæmt fyrirmynd.</li><li>• nýta gullinsniðsregluna í teikningu og formfræði.</li><li>• leita að og varðveita gögn og heimildir hvort sem er á veraldarvefnum eða með hugmyndabók.</li><li>• safna gögnum og setja upp í námsbók</li></ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"><li>• skynja og sjá tengsl milli þess sem hann sér sem fyrirmynd og verkefna sem unnin eru.</li><li>• ná fram áhrifum, formútfærslum og formgerðum ásamt áferðum fyrirmyndar í verkefnum með mismunandi aðferðum.</li><li>• geta valið sér ákjósanlega leið í varðveislu gagna og framsetningu á efni, bæði á rafrænu og ápreifanlegu formi.</li></ul>

<b>Námsmat</b>	Símat
<b>Útgáfunúmer</b>	
<b>Skólar</b>	
<b>Fyrirmynd</b>	